

Mánudaginn 18. ágúst 2014 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum, kl. 20:00

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þorsteinn Jóhannsson, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Þórunn Ragnardóttir, Ingvar Björnsson og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Aldursforseti, Brynjólfur Friðriksson setti fundinn og stjórnaði kosningu.

2. Kosningar:

- a. Fram kom tillaga um Brynjólf Friðriksson sem formann nefndarinnar.
 - i. Fram kom ósk um að kosning færi fram með skriflegum hætti, var það samþykkt.
 - ii. *Brynjólfur fékk 3 atkvæði, Kristín Rós Sigurðardóttir 1 atkvæði. Einn seðill auður.*
- b. Fram kom tillaga um Kristínu Rós Sigurðardóttur sem varaformann nefndarinnar.
 - i. *Tillagan var samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.*
- c. Fram kom tillaga um Erlu Gunnarsdóttur sem ritara nefndarinnar
 - i. *Tillagan var samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum*

Nýkjörinn formaður nefndarinnar, Brynjólfur Friðriksson þakkaði traustið og hélt áfram stjórn fundarins.

3. Starfsmannamál:

- a. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri fór yfir starfsmannamál.
 - i. *Skólastjóri fór í gegnum starfsmannamál hjá Húnavallaskóla og Vallabóli. Sigríður Sif Gunnarsdóttir hefur óskað eftir ársleyfi. Herdís Jakobsdóttir hefur verið ráðin tímabundið í hennar stað. Ingibjörg Jónsdóttir hefur verið ráðin til starfa hjá Vallabóli vegna fjölgunar barna í skólanum.*
 - ii. *Nefndin samþykkti að fela oddvita, skólastjóra, formanni nefndarinnar og sveitarstjóra að gera tillögu um ráðningu matráðs. En umsóknarfrestur rennur út þann 23. ágúst næst komandi.*

4. Umsóknir um námsvist utan lögheimilis sveitarfélags:

- a. Fært í trúnaðarmálabók

5. Önnur mál:

- a. Innra skipulag Húnavallaskóla

- i. *Skólastjóri greindi frá breytingum á innra skipulagi skólans.*

- b. Námskeið

- i. *Skólastjóri greindi frá námskeiði sem haldið var á Hvammstanga þann 18. ágúst 2014 og samstarfi við fræðslustjóra.*

- c. Skólaakstur

- i. *Spurt var um skólaakstur, skólastjóri greindi frá skipulagi á skólaakstri*

- d. Nettenging

- i. *Fræðslunefnd skorar á sveitastjórn að flýta sem kostur er ljósleiðaratengingu við Húnavallaskóla.*

- e. Tónlistarskóli

- i. *Umræða var um samstarf tónlistaskóla, grunnskóla og leikskóla skólastjóri greindi frá góðu samstarfi við tónlistaskóla*

Fleira ekki gert.

Fundi slitið klukkan 21:40